

Við undirritaðir höfum endurskoðað reikninga og bókhald sjóðsins á árinu svo og fylgiskjöl, lánskjöi, verðbréf og bankainnstæður og ekkert fundið athugavert.

Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning fyrir árið 1982, yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum árið 1982, efnahagsreikning 31. desember 1982, skýringar nr. 1—5 og sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir almenna deild, veiðarfæradeild og iðngarðadeild.

Reykjavík, 23. mars 1983.

Atli Freyr Guðmundsson.

Jafet S. Ólafsson.

25. apríl 1983

Nr. 266

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum togbáta 1.—7. maí 1983.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. maí 1983 til og með 7. maí 1983, eru togskipum, öðrum en þeim, er togveiðar stunda samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 2 3. janúar 1983, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1983, bannaðar allar þorskveiðar.

2. gr.

Á þeim tíma, er togbátar mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 1. gr. má hlutfall þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskafli undir þeim mörkum skodast sem löglegur aukaafli, en fari þorskafli veiðiferðar yfir 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32/1976, um upptöku ólöglegs sjávarafila.

3. gr.

Komi togbátur að landi með afla á tímabilinu frá og með 1. maí til og með 7. maí 1983, og hlutfall þorsks í heildarafla reynist hærra en 15%, skal litið svo á að hér sé um ólöglegan afla að ræða og hann gerður upptækur sbr. 2. gr. Sama gildir komi togbátur að landi eftir lok tímabils, hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. apríl 1983.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.